



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR – 24. ágúst 2007

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd föstudaginn 14. júní að Mýrarbraut 35. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Gangnaseðill
2. Fjárhagsáætlun fjallskilasjóðs
3. Tímasetning gangna 2008
4. Búfé á vegsvæðum
5. Grenjavinnsla
6. Önnur mál

1. Gangnaseðill.

Fjallskilastjóri, Gauti Jónsson lagði fram drög að gangnaseðli. Fyrstu göngur verða 7. – 8. september og aðalréttir 9. september. Skarðsskarð og Langadalsfjall að framan verða smöluð viku fyrr.

Seinni réttir verða 16. september. Eftirleit í Fram-Langadalsfjalli og Skarðsskarði verða 29. september en aðrar eftirleitir 6. – 7. október. Hreppaskil verða sunnudaginn 7. október.

2. Fjárhagsáætlun fjallskilasjóðs.

Fjallskilastjóri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir fjallskilasjóð. Samkvæmt henni verða tekjur fjallskilasjóðs kr. 1.324.948.- en hagnaður 122.848.- Fækkun fjallskilaeininga verður 931 eining frá áætlun síðasta árs. Landgjald hækkar ú 32 kr. í 34 kr. á hvert þúsund fasteignamats. Fjallskilaeiningin hækkar úr 132 kr. í 140 kr. Gangnakaup verður hækkað um 200 kr.

3. Tímasetning gangna 2008.

Rætt var um gangnatíma fyrir haustið 2008 en farið er að spyrjast fyrir um hann. Landbúnaðarnefnd hefur áhuga á að haldinn verði sameiginlegur fundur fjallskiladeilda á svæðinu fljótlega eftir göngur til að ræða næsta haust.

4. Búfé á vegsvæðum.

Fjallskilastjóri lagði fram afrit af bréfi sem landeigendur Breiðavaðs, Ysta-Gils og Björnólfsstaða sendu Vegagerð Ríkisins, dags. 15. ágúst 2007. Í bréfinu er krafist úrlausna á ólestri veggirðinga á þessum kafla. Landbúnaðarnefnd tekur undir efni bréfsins og áréttar fyrri ályktanir nefndarinnar sbr. fundargerðir dags. 19. júní 2003, 21. júní 2004 og 6. maí 2005.

5. Grenjavinnsla.

Rætt var um grenjavinnslu sl. sumar.



6. Önnur mál.

Landbúnaðarnefnd lýsir undrun sinni á ákvörðun héraðsnefndar A-Hún. í júní síðastliðnum að tilnefna engan úr Blönduósbaer í nefnd sem skipuð var til að endurskoða fjallskilareglugerð í A-Húnavatnssýslu.

*Fleira ekki gert.
Gauti Jónsson (sign.)
Þórður Pálsson (sign.)*

*Fundi slitið
Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)*